

Biðröð Mistaka

Hatari

Aragrúi vonlausra væntinga
Eins og óutfyllanlegt eyðublað
Ótæmandi listi vonbrigða, sjálfsvorkunar
Vottaður stimpli fyrirritningar
Dagur sérhver, biðröð mistaka
Biðröð mistaka

Reginskari hálfreyndra hugmynda
Eins og ástarbréf ofan í tættara
Ævistarfi raðað í kompuna, neðstu hilluna
Ólesnir, rykfallnir doðrantar
Dagur sérhver, biðröð mistaka
Biðröð mistaka

Nauðbeygður opnarðu augun
Þú vissir aldrei að ég elska þig
Þú varst hatari
Þrálátur en samt svo þögull
Hrópandinn í eyðimörkinni
Þú hataðir
Nauðbeygður opnarðu augun
Þú vissir aldrei að ég elska þig
Þú varst hatari
Þrálátur en samt svo þögull
Hrópandinn í eyðimörkinni
Þú hataðir
Biðröð mistaka

Eins og ástarbréf ofan í tættara
Aragrúi, aragrúi vonlausra væntinga
Biðröð mistaka